

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/75/EB

2001/EES/31/08

frá 22. júlí 1999

## um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsinsin 94/34/EB<sup>(2)</sup>, einkum a-lið 3. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum<sup>(3)</sup> eru talin upp þau aukefni sem leyfilegt er að nota sem litarefni í matvælum.
- 2) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB frá 26. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum<sup>(4)</sup> eru tilgreind hreinleikaskilyrði fyrir litarefnin sem um getur í tilskipun 94/36/EB.
- 3) Með tilliti til tækniframfara er nauðsynlegt að breyta hreinleikaskilyrðunum sem eru tilgreind í tilskipun 95/45/EB varðandi blönduð karótín (E 160a i). Því er nauðsynlegt að breyta þessari tilskipun til samræmis.
- 4) Rétt er að taka mið af forskriftum og greiningaraðferðum fyrir litarefni sem eru settar fram í Codex Alimentarius og af sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA).
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 95/45/EB er breytt sem hér segir:

Í stað kaflans um E 160a i, blönduð karótín, í B-hluta viðaukans komi textinn í viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 206, 5.8.1999, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2000 frá 28. júní 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 42, 21.9.2000, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 226, 22.9.1995, bls. 1.

## VIDAUKI

## „E 160a i, blönduð karótín

## 1. JURTAÐARÓTÍN

**Samheiti**

CI matarappelsínugult 5

**Skilgreining**

Blönduð karótín eru fengin með leysiefnaúrdrætti úr náttúrulegum stofnum ætra jurta, gulróta, jurtaolía, grass, refasmára og netla.

Í litarefninu eru fyrst og fremst karótenóíðefni, þar af er að stærstum hluta beta-karótín. Einnig kunna að fyrirfinnast  $\alpha$  og  $\gamma$  karótín og önnur fastlitarefni. Fyrir utan fastlitarefnin kann þetta efni að innihalda oliur, fituefni og vaxefni sem eru til staðar í grunnefninu með náttúrulegum hætti.

Við útdráttinn er einungis leyfilegt nota eftirtalin leysiefni: asetón, metýletýlketón, metanól, etanól, própan-2-ól, hexan, diklórmétan og koltvísýring.

Flokkur

Karótenóíðefni

Litaskrárnúmer

751 30

EINECS-númer

230-636-6

Efnaformúla

 $\beta$ -karótín:  $C_{40}H_{56}$ 

Mólmassi

 $\beta$ -karótín: 536,88

Mangreining

Karótínmagn (reiknað sem  $\beta$ -karótín) er minnst 5%. Í vörum sem fengnar eru með útdrætti jurtaolía: 0,2% hið minnsta í ætum fituefnum.

$E_{1\text{cm}}^{1\%}$  2 500 við u.þ.b. 440 nm — 457 nm í sýklóhexani

**Sanngreining**

A. Litrófsgreining

Hámark í sýklóhexani við 440 nm – 457 nm og 470 nm – 486 nm

**Hreinleiki**

Leysiefnaleifar

Aseton  
Metýletýlketon  
Metanól  
Própan-2-ól  
Hexan  
Etanól

Ekki yfir 50mg/kg af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum

Diklórmétan

Ekki yfir 10 mg/kg

Arsen

Ekki yfir 3 mg/kg

Blý

Ekki yfir 10 mg/kg

Kvikasilfur

Ekki yfir 1 mg/kg

Kadmíum

Ekki yfir 1 mg/kg

Pungmálmar (sem Pb)

Ekki yfir 40 mg/kg

## 2. ÞÖRUNGAKARÓTÍN

**Skilgreining**

Blönduð karótín er einnig hægt að vinna úr þörungnum Dunaliella salina, sem er ræktaður í stórum saltvötnum í Whyalla, Suður-Ástralíu. Beta-karótín er útdregið með kjarnaolíu. Í efnablöndunni er 20-30% sviflausn í sojaolíu sem inniheldur náttúruleg tókóferól (allt að 0,3%). Hlutfall sis/trans-myndbrigða er á bilinu 50/50 – 71/29.

Í litarefninu eru fyrst og fremst karótenóíðefni, þar af er að stærstum hluta beta-karótín. Einnig kunna að fyrirfinnast alfa-karótín, lútín, seaxatín, og beta-kryptóxantín. Auk fastlitarefnanna kann þetta efni að innihalda olíur, fituefni og vaxefni sem eru til staðar í grunnefninu.

Flokkur

Karótenóíðefni

Litaskrárnúmer

751 30

Mangngreining

Karótínmagn (reiknað sem  $\beta$ -karótín) er að minnsta kosti 20%.**Sannngreining**

A. Litrófsgreining

Hámark í sýklóhexani við 448 nm — 457 nm og 474 nm — 486 nm

**Hreinleiki**

Arsen

Ekki yfir 3 mg/kg

Blý

Ekki yfir 10 mg/kg

Kvikasilfur

Ekki yfir 1 mg/kg

Kadmíum

Ekki yfir 1 mg/kg

Þungmálmar sem (Pb)

Ekki yfir 40 mg/kg<sup>66</sup>